Color Joint, litað lím

ColorJoint

Kostir & eiginleikar:
ColorJoint er litað lím og þéttiefni fyrir borðplötur og bakefni. Einnig notað til að festa vaska og sem þéttiefni í samskeytum.
ColorJoint er nýjasta varan í þessum flokki frá Unika (Polymer Technology).
Frábær styrkur og fljótlegt í notkun.

ColorJoint festist við margs konar yfirborð – HPL yfirborðsefni, kvars, ryðfrítt stál, gler og margt fleira.

ColorJoint er litað í samræmi við yfirborðsefni sem gefur óaðfinnanlega loka áferð á samskeytum.

Efnið kemur í fjórum stærðum 290ml, 150ml, 45ml og 20g.
Það eru 10 standard litir á lager hjá framleiðenda en einnig er hægt að sérframleiða og sérpanta hvaða lit sem er.

ColorJoint hefur framúrskarandi gripstyrk án stuðnings.
Fullkomið til að líma borðplötur/bakplötur sem og ýmis önnur yfirborðsefni.
ColorJoint er gott til að fylla upp í sprungur, það rýrnar lítið og upplitast ekki (UV stable)

ColorJoint er kámfrítt sem þýðir að það endist lengur í samskeytum og dregur ekki að sér óhreinindi eins og sílikon gerir.
Vinnslutími er 10 - 15 mínútur sem gefur lengri tíma til að festa og stilla af yfirborðsefnið.
ColorJoint er fljótvirkt viðgerðarefni jafnvel við lágt hitasig, sem þýðir að yfirborðsefnið er tilbúið til notkunnar eftir 15 klukkustundir. ColorJoint er auðvelt til notkunnar við allar aðstæður og bindur jafnvel rakt yfirborð.
ColorJoint er umhverfisvænt. Efnið inniheldur hvorki leysi né önnur eiturefni. Þetta þýðir að ColorJoint hefur 12 mánaða geymslutíma (í lokuðum umbúðum).

Notkunarleiðbeiningar:
Gangið úr skugga um að svæðið sem á að lagfæra sé þurrt og laust við ryk og fitu.

Tengingartími:
Berið ColorJoint á í punktum á yfirborðið, þrýstið saman og látið límast.
Til límingar á borðplötum berið á efri og neðri brún samskeyta, gætið þess að vel sé borið á. Setjið saman strax og leyfið umfram efninu að þrýstast út um samskeytin. Fjarlægið síðan allt umfram efni með spaða af yfirborðinu.

Til þéttingar:
Berið punkta á þau svæði sem á að þétta og sléttið yfir með mjúkum spaða. Hreinsið upp með sápulausn áður en húð myndast, skiptið um hettuna eftir notkun. Látið efnið þorna í 15 klukkustundir.

HEGAS
...allt fyrir tréiðnaðinn